



## MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4. 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.stjr.is  
menntamalaraduneyti.is

Ásahreppur  
Eyðís Þ. Indriðadóttir, oddviti  
Laugalandi  
851 Hellu


Reykjavík 24. júní 2008  
Tilv.: MMR08010098/6.21.0-


Efni: Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla vorið 2008

Með vísan til bréfs ráðuneytisins dags. 10. janúar sl. þar sem tilkynnt var um fyrirhugaðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla vorið 2008, sendir ráðuneytið yður nú meðfylgjandi niðurstöður úttektanna. Úttektaraðilar kynntu skólastjórum niðurstöður sínar áður en þær voru sendar til ráðuneytisins. Meðfylgjandi er samantekt um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla vorið 2008 sem birt verður á vef ráðuneytisins [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is). Skólarnir sem teknir voru út fá ofangreinda samantekt og niðurstöður úttektar síns skóla sendar.

Í sex af þeim 25 grunnskólum sem voru í úttekt vorið 2008, eru bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti. **Laugalandsskóli** er einn þessara skóla og fagnar menntamálaráðuneytið góðum árangri og vel unnum störfum við sjálfsmat í skólanum. Ráðuneytið væntir þess að skólinn vinni áfram af sama metnaði við sjálfsmat.

Fyrir hönd ráðherra

  
Stefán Baldursson

  
Margrét Harðardóttir

Afrit til skólastjóra



## Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Laugalandsskóla vorið 2008

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Laugalandsskóla var í höndum British Standards Institution á Íslandi og var unnin í apríl 2008. Eftirfarandi eru meginniðurstöður úttektarinnar:

### Staða sjálfsmats

---

Skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat liggur fyrir.	Já
Kerfisbundið sjálfmat hefur farið fram.	Já
Staða sjálfsmats í skólanum.	Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram á öllum helstu þáttum skólastarfsins
Sjálfsmatsskýrsla hefur verið gefin út.	Já

---

### Sjálfsmatsaðferðir

Eftirfarandi eru niðurstöður varðandi það hvort sjálfsmatskerfi skólans uppfylli þau viðmið sem menntamálaráðuneytið hefur sett um sjálfsmatsaðferðir.

### Sjálfsmatskerfið telst:

---

Formlegt	Já
Altækt	Já
Áreiðanlegt	Já
Samstarfsmiðað	Já
Umbótamiðað	Já
Árangursmiðað	Já
Stofnanamiðað	Já
Einstaklingsmiðað	Já
Lýsandi	Já
Greinandi	Já
Opinbert	Já

---

## Heildarniðurstaða

---

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins	
teljast sjálfsmatsaðferðir skólans:	Fullnægjandi
Framkvæmd sjálfsmatsins telst:	Fullnægjandi

---

## Greinargerð úttektaraðila

Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram og verkáætlun liggur fyrir. Unnið hefur verið að umbótum í kjölfar niðurstaðna.